



Gjaldskrá gatnagerðargjalda og framkvæmdaleyfa frá 1. janúar 2026

Byggingarleyfisgjöld		
Lágmarksgjald, byggingar allt að 60 m ²	Krónur	44.118
Lágmarksgjald, byggingar stærri en 60 m ²	Krónur	88.448
Nýbyggingar	Krónur á fermetra	504
Sumarbústaðir	Krónur á fermetra	1.801
Lóðargjald	Krónur	38.434
Stöðuleyfi hjólhýsa	Krónur á hjólhýsi	22.703
Stöðuleyfi gáma á gámasvæði, 20 feta gámur	Krónur á gám	17.584
Stöðuleyfi gáma á gámasvæði, 40 feta gámur	Krónur á gám	26.375
Stöðuleyfi gáma, 20 feta gámur	Krónur á gám	41.868
Stöðuleyfi gáma, 40 feta gámur	Krónur á gám	62.806
Geymslusvæði, 49 m ² leigupláss	Krónur á ári	26.375
Geymslusvæði, 49 m ² leigupláss	Kr. fyrir 2 mánuði	4393

Vottorð		
Byggingarstig húsa	kr. á stk.	33.153
Afgreiðsla eignaskiptayfirlýsinga	kr. á stk.	21.598
Afgreiðsla skráningartöflu	kr. á stk.	35.338

Þjónustugjöld		
Afgreiðslugjald Byggingarfulltrúa	kr. á stk.	14.093
Yfirferð aðaluppdráttar	kr. á stk.	34.201
Tímagjald Byggingarfulltrúa	kr. á stk.	16.576
Úttekt vegna meistaraskipta	kr. á stk.	33.153
Úttekt vegna byggingastjórnaskipta	kr. á stk.	33.153
Útsetning hús	kr. á stk.	33.153
Breyting eða gerð nýs lóðarleigusamnings	kr. á stk.	33.153
Breyting eða gerð nýs lóðarblaðs	kr. á stk.	33.153
Endurnýjun Byggingarleyfis	kr. á stk.	14.093
Leyfi til niðurrifs mannvirkja	kr. á stk.	32.669



Bolungarvíkurkaupstaður

Gatnagerðargjöld	Hlutfall	Eining	Taxti
Einbýlishús	9,00%	Krónur á fermetra	
Rað- og sambýlishús, mest 4 íbúðir	6,50%	Krónur á fermetra	
Fjölbýlishús, 5 íbúðir og fleiri	4,50%	Krónur á fermetra	
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	5,50%	Krónur á fermetra	
Iðnaðar- og annað atvinnuhúsnæði	3,50%	Krónur á fermetra	
Bífreiðageymslur, áður byggð hverfi	5,50%	Krónur á fermetra	
Skólamannvirki	6,00%	Krónur á fermetra	
Sólskálar	4,50%	Krónur á fermetra	

Framkvæmdaleyfi og gjöld skipulagsvinnu	
*Aðalskipulagsuppdráttur breyting sbr. 36.gr.	400.788
*Umsýsla og auglýsingar sbr. 1.mgr. 36 gr.	58.508
*Umsýsla og auglýsingar sbr. 2.mgr. 36 gr.	30.164
*Deiliskipulag sbr. 2.mgr. 38. gr.	400.788
*Umsýsla og auglýsingar sbr. 2.mgr. 38 gr.	30.164
*Deiliskipulagsuppdráttur breyting sbr. 1. mgr. 43. gr.	260.512
*Umsýsla og auglýsingar sbr. 1.mgr. 43 gr.	58.508
*Deiliskipulagsuppdráttur óveruleg breyting sbr. 2.mgr. 43. gr.	166.321
*Umsýsla og auglýsingar sbr. 2.mgr. 43 gr.	58.508
Grenndarkynning	60.674
Framkvæmdarleyfi	60.674
** Framkvæmdarleyfi skv. viðauka. I og II um mat á umhverfisáhrifum	185.495

*Skipulagslög 123/2010

** Lög um mat á umhverfisáhrifum 106/2000

Upphæð gatnagerðargjalds skal miðað við byggingarkostnað „vísitölufjölbýlishúss“ og er sá kostnaður kr. 315.409 pr. fermetra miðað við vísitölu í nóvember 2025.

Grunntaxti gjaldskrár

Grunntaxti gjaldskrár miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í nóvember 2025, 126,4 stig. Byggingaleyfisgjöld og vottorð eru föst gjöld ákveðin einu sinni á ári en gatnagerðargjöld taka breytingu samkvæmt byggingavísitölu.



Framkvæmdaleyfi vegna framkvæmda sem ekki eru háðar byggingaleyfi samkvæmt III. kafla laga nr. 160/2010

Fjárhæð og grundvöllur framkvæmdaleyfisgjalds.

Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar. Lágmarksgjald skal þó vera kr. 98.821,-. Gjald þetta skal bundið vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu 125,8 stig, fyrir september 2025.

Fjárhæð gjalds skal ekki vera hærri en sem nemur kostnaði þeim er sveitarfélagið verður fyrir vegna útgáfu, undirbúningi leyfisins, yfirferð hönnunargagna og eftirlits. Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 er nauðsynlegur undanfari útgáfu framkvæmdaleyfis telst kostnaður sem Bolungarvíkurkaupstaður verður fyrir vegna þess hluti af kostnaði við undirbúning leyfisins.

Gjalddagi

Framkvæmdaleyfisgjald skal greiða við útgáfu leyfis. Heimilt er þó að semja við framkvæmdaleyfishafa um fyrirkomulag greiðslna. Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur Bolungarvíkurkaupstaðar og framkvæmdaleyfishafa við útgáfu framkvæmdaleyfis.

Stöðuleyfi fyrir vinnubúðir samkvæmt kafla 4.11 og stöðuleyfi samkvæmt kafla 2.6 í byggingarreglugerð nr. 112/2012

Fyrir útgáfu stöðuleyfis vinnubúða á grundvelli kafla 4.11 byggingarreglugerðar skal greiða grunngjald kr. 61.948,-. Að auki greiðist gjald vegna yfirferðar gagna, undirbúnings og eftirlits byggingarfulltrúa sem hér segir:

Vinnubúðir á deiliskipulagi: kr. 114.396,- til kr. 1.212.426,- eftir umfangi. Við ákvörðun gjalds skal taka mið af fjölda bygginga, staðsetningu vinnubúða og hversu lengi þær eiga að standa. Gjald skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði er leiðir af útgáfu leyfisins.

Deiliskipulagðar vinnubúðir: kr. 257.093,- til kr. 2.564.947,- eftir umfangi.

Heimilt er að krefja sérstaks gjalds fyrir hverja yfirferð byggingarfulltrúa vegna nýrra eða breyttra gagna eftir útgáfu stöðuleyfis. Skal það gjald vera á bilinu kr. 19.788,- til kr. 59.322,- eftir umfangi verks.

Önnur tímabundin stöðuleyfi

Fyrir útgáfu stöðuleyfa samkvæmt kafla 2.6 í byggingarreglugerð skal greiða grunngjald kr. 12.455,-. Að auki greiðist gjald vegna yfirferðar gagna, undirbúnings og eftirlits byggingarfulltrúa.



Gjalddagar

Gjöld vegna stöðuleyfis skulu greidd við útgáfu leyfis. Heimilt er þó að semja við leyfishafa um annan gjalddaga, í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur Bolungarvíkurkaupstaðar og leyfishafa við útgáfu.

Innheimta gjalda

Leyfisgjöldum fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar. Leyfisgjöld eru ekki endurkræf þó leyfi falli úr gildi.

Gjaldtökuheimild

Um gjaldtöku samkvæmt gjaldskrá þessari fer samkvæmt 50. og 51. gr. laga nr. 160/2010, skipulagsreglugerð nr. 400/1998 og byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Samþykkt í umhverfismálaráði 9. október 2025 og í bæjarstjórn Bolungarvíkur XX. desember 2025